



Læknastofur Akureyrar vilja vekja athygli á nýrri reglugerð um breytingar á greiðslutilhögun Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) er varðar sérfræðiþjónustu við börn sem tekur gildi 1. Maí. 2017.

Eftir gildistöku reglugerðarinnar munu börn yngri en 18 ára, með tilvísun frá heimilis- eða heilsugæslulækni, ekki greiða gjald fyrir komu til sérgreinalæknis. Börn sem sækja þjónustu án tilvísunar greiða hins vegar 30% af kostnaði við þjónustuna. Þó munu börn með umönnunarmat og börn yngri en tveggja ára ekki þurfa tilvísun, þau fá þjónustu sérgreinalækna endurgjaldslaust. Tilvísanakerfið tekur til sérhæfðrar lækniþjónustu, rannsókna, geisla- og myndgreininga sem sérgreinalæknir telur þörf á í tengslum við greiningu eða meðferð.

Læknastofur Akureyrar
Glerártorg 2. Hæð
Tímapantanir 09 – 16 virka daga í síma 462 2000
www.lak.is